

#### 4. fundur faghóps um starfsaðstæður í leikskóla þann 14. desember 2018 kl: 12-13.30

Mættar: Linda Björk Halldórsdóttir, Ásgerður Kristjánsdóttir, Inga Fríða Tryggvadóttir, Hulda Snæberg Hauksdóttir, Fanney Dóróthe Halldórsdóttir og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð:

Farið var yfir hvað er komið af tillögum nú þegar og hvað ætti að leggja frekari áherslu á.

1. Sveigjanlegur vinnutími – samstaða hjá hópnum um að þetta verði í forgangi.
  - Minnkar streitu, samviskubit að vera að skreppa, gæti aukið frelsi skólanna. Að sveigjanleiki sé í vinnudeginum út frá hentugleika hvers leikskóla, þessi aðgerð gæti skilað sér strax til fólksins. Lykilþættir yrðu:
    - Innra skipulag
    - Einn kaffitími
    - Alfarið undir stjórn leikskólastjóra
    - Þarf að útfæra vel áður en það er kynnt fyrir leikskólastjórum
2. Aukin afleysingaprósenta
  - Er í dag 6,33 var fyrir lækkun 8,33. Mikilvægt í þessu samhengi að reiknuð sé afleysing einnig á sérkennslustjóra og sérkennslutíma. Þetta þarf að kostnaðarmeta.
3. Að skólaárið verði 180 dagar í stað 193 eins og skólaárið er í leikskóla
  - Að vinnuskipulagið sé sambærilegt og í grunnskólanum

Þetta eru þær tillögur sem hópurinn vill leggja til grundvallar

Annað sem hópurinn ræddi var:

- Að innleiða núvitund í alla leikskóla sem er í takti við heilsueflandi Hafnarfjörð og getur stuðlað að minnkandi streitu og álags.

Æfingar í að taka ábyrgð á sér hvernig sýni ég mér sjálfsvitund – hvað nærir mig og hvaða þættir hafa góð áhrif í því umhverfi sem ég vinn í

- Launaumræða: laun í leikskóla eru ekki samkeppnishæf vvið grunnskólann sem felst þá aðallega í því að það sem starfsmaður gerir „aukalega“ fær hann borgað fyrir.
- Launakjör þurfa að vera aðlaðandi og einn áhrifaþáttur svo fleiri sæktu í námið
- Hvað er hægt að gera til að byggja þá brú sem nú er að myndast vegna allra þeirra leikskólakennara sem fara á eftirlaun á næstu árum og endurnýjunin er nánast engin.
- Hvað getur Hafnarfjarðarbær og þessi faghópur lagt til, svo að leikskólinn geti verið sambærilegur við grunnskólann

Fundi slitið 13.30